

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar  
Stjórnsýsluhúsinu  
Hafnarstræti 1  
420 Ísafjarðarbæ

Flateyri, 30. október 2020

**Efni: Hóll á Hvilftarströnd – beiðni um heimild til að mega hefja framkvæmdir á grundvelli meðfylgjandi skipulagsuppráttar ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu sem fram kemur á uppdrættinum, að undangenginni grenndarkynningu.**

Undirrituð, þinglýstir eigendur jarðarinnar Hóls á Hvilftarströnd óska hér með eftir því við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, að fá heimild til að hefja framkvæmdir á jörðinni á grundvelli innsendra gagna.

Aðilar lögðu erindið fyrir Skipulags- og mannvirkjanefnd ásamt öllum fylgigögnum í júní 2020 en fengu þau svör að vegna „eðli og umfangs“ framkvæmdarinnar þyrfti að deiliskipuleggja svæðið áður en til framkvæmda kæmi og aðilum bent á að óska eftir heimild bæjaryfirvalda að hefja skipulagsvinnu. Aðilar sendu nefndinni annað erindi, þar sem óskað var eftir rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun, með vísan til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, þar sem svipaðar framkvæmdir hafa verið heimilaðar víðs vegar í Öfundarfirði undanfarin ár, jafnvel án grenndarkynningar. – sjá meðfylgjandi bréf.

Í svari nefndarinnar sem barst aðilum í gær, þann 29. október sl. segir;

#### **2020050055 - Hóll á Hvilftarströnd. Bygging á íbúðarhúsi og rafstöð á lögbýli**

*Lagt fram erindi frá Birki Þór Guðmundssyni þar sem óskað er eftir því að skipulags- og mannvirkjanefnd endurskoði ákvörðun sína frá fundi nefndarinnar þann 10. júní 2020, þar sem nefndin ályktaði að vegna umfangs og eðlis framkvæmda á Hóli þurfi að deiliskipuleggja svæðið áður en kemur til framkvæmda.*

*Fylgigögn eru:*

*Erindi, dags. 04.09.2020.*

*Leiðbeiningablað Skipulagsstofnunnar nr. 8b, 2. útg. jan. 2007.*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd þakkar erindið en stendur við fyrri ákvörðun. Nefndin telur að ekki séu heimildir í skipulagi fyrir þær framkvæmdir sem sótt er um.*

*Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar heimilar þrjú frístundahús á lögbýli ef aðstæður leyfa, sbr. töflu 7.19 ákvæði F37 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.*

*Framkvæmdaraðila er bent á að óska eftir því við bæjaryfirvöld að fá heimild til að hefja skipulagsvinnu.*

*Þetta tilkynnist hér með.*

*Bestu kveðjur,*

**Helga Þ. Magnúsdóttir**

**Tæknideild**

Undirrituð eru ekki alls kostar sáttir við svar nefndarinnar, þar sem ekki liggja að baki rök fyrir ákvörðun nefndarinnar eins og óskað var eftir, heldur vísar nefndin í Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar sem heimilar þrjú frístundahús á lögbýlinu ef aðstæður leyfa, sbr. töflu 7.19 ákvæði F37.

Tilvísun þessi vísar í allt aðra jörð en um ræðir, þ.e. Hól í Firði, en ekki Hól á Hvilftarströnd.

Hvergi er vikið að uppbyggingu frístundabyggðar á Hóli á Hvilftarströnd, sem skilgreint er eyðibýli lögum samkvæmt, þó lögbýli sé, þar sem ekki hefur verið búið þar sl. 70 ár.

Engar byggingar eru fyrir hendi á jörðinni, en umsækjendur hafa áform um að taka lögbýlið aftur til ábúðar og munu því senda tilkynningu þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands, sbr. 24. gr. jarðalaga nr. 81/2004, ef uppbygging verður heimiluð.

Meðfylgjandi er skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð sem umsækjendur hafa látið vinna. Greinargerðin fylgir aukalega með í stærra letri til að auðvelda letur.

Þá er jafnframt vísað í vefslóð Ísafjarðarbæjar, þar sem er að finna öll tilskilin gögn;

<https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/skipulags-og-mannvirkjanefnd/1121>

- Hóll, Hvilftarströnd. Staðbundið hættumat ofanflóða
- Hóll á Hvilftarströnd. Umsókn um heimild til húsbyggingar á lögbýli
- Hóll, Hvilftarströnd. Ofanflóðakort
- Hóll, Hvilftarströnd út af neysluvatni og fráveitu
- Hóll, Hvilftarströnd út af fornminjum
- 20-6 A-2 A1.pdf
- 20-6 A-1 A1.pdf
- 20-7 A-1 A2.pdf
- 20-7 A-2 A2.pdf
- Gróðurfar og fuglalíf á Hóli.pdf
- Fwd: Heimarafstöð á Hóli
- Umhverfisskýrsla

Það er einlæg ósk umsækjenda að bæjaryfirvöld taki erindið til efnislegrar afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Birkir Þór Guðmundsson og Kristín Björg Albertsdóttir